

Veðurstofa Íslands
Bústaðavegur 9
Reykjavík

Reykjavík 6. nóvember 2018
UST201810-237/P.B.S.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Ingólfshöfði - GPS mælir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veðurstofu Íslands, dagsetta 25. október s.l., um uppsetningu GPS mælis innan friðlands í Ingólfshöfða.

Ingólfshöfði var friðlýstur sem friðland árið 1974. Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins og þá ekki síst því fuglalífi sem finnst í höfðanum. Samkvæmt auglýsingum um friðlandið nr. 388/1978 má hvorki skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask innan friðlandsins. Þá er akstur bannaður í höfðanum án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til uppsetningar og reksturs GPS mælis innan friðlandsins Ingólfshöfða, austan á eyjunni þar sem vitarnir standa. Í umsókninni kemur fram að mikilvægt sé að festa GPS mælinn á klöpp, annaðhvort þá á byggingu sem er steypt á klöpp eða þá að bora stálfót með mælinum niður í klöpp. Uppsetning verður í nóvember og er mælirinn áætlaður til frambúðar. Keyra þarf í höfðann til að setja upp stöðina og það þarf að fara reglulega á staðinn til viðhalds. Fjöldi þeirra sem koma að uppsetningunni eru tveir starfsmenn. Farartækið sem nýtt verður til að fara út í höfðann er jeppi.

Mælirinn er hluti af vöktunarneti Veðurstofu Íslands vegna eftirlits með Öræfajökli.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki til þess fallna að rýra verndargildi svæðisins samkvæmt lýsingum umsóknaraðila ef farin verður sú leið að setja GPS mælinn á mannvirkni sem er nú þegar á svæðinu. Stofnunin telur að áhrif þess að bora niður stálfót í klöpp á öröskuðu svæði til þess fallið að hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun leggur til að mannvirkni sem eru nú þegar til staðar verði nýtt til að koma í veg fyrir frekari röskun og sjónræn áhrif. Sé þess ekki kostur að nýta þau mannvirkni sem til staðar eru þá skal velja stað sem veldur sem minnstri röskun og neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir akstri í Ingólfshöfða ásamt uppsetningu GPS mælis verði hann settur í klöpp að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Við uppsetningu GPS mælisins skal þess gætt að valda sem minnstri röskun og draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum eins og kostur er.
- Haft skal samráð við sérfræðing svæðisins um staðsetningu áður en GPS mælirinn er settur niður.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Leyfi þetta nær eingöngu til ofangreindrar framkvæmdar.

Leyfi eigenda bygginga í Ingólfshöfða þarf fyrir uppsetningu GPS mæla. Einnig gæti þurft leyfi rétthafa lands og/eða sveitarfélags fyrir verkefninu.

Virðingarfallst

Hildur Vésteinsdóttir
Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri